

ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA

Úrskurður í máli nr. 4/2018

Atlantsolía ehf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með kæru, dagsettri 24. ágúst 2018, hefur Atlantsolía ehf., hér eftir nefnt áfrýjandi, kært þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er fólst í gerð sáttar vegna samruna N1 hf. og Festar hf., þann 30. júlí 2018. Nánar tiltekið beinist kæran að tilteknum skilyrðum sáttarinnar er fram koma í 10., 11. og 19. gr. hennar.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 30. júlí 2018 um að heimila kaup N1 hf. á Festi hf., með skilyrðum samkvæmt sátt, verði breytt á eftirfarandi veg:

- a. að fellt verði úr gildi skilyrði 1. mgr. 10. gr. sáttarinnar að eldsneytisstöðvar og vörumerkið „Dælan“ verði selt til nýrra aðila þannig að ákvæði 1. mgr. 10. gr. verði svohljóðandi:

„N1 skal í kjölfar undirritunar sáttar þessarar selja frá sér eldsneytisstöðvar eins og nánar greinir í ákvæði þessu ásamt vörumerkinu „Dælan“ til óháðra aðila á eldsneytismarkaði. Skal allt markaðsefni og annað sem vörumerkinu tengist fylgja með í sölunni. Nánar tiltekið skal eftirfarandi fylgja með að lágmarki: [...]“

- b. Að g-lið 2. mgr. 10. gr. sáttarinnar verði breytt á þann veg að felld verði brott orðin „nýr aðili“ og í staðinn komi „kaupandi“.
- c. að b-liður 1. mgr. 11. gr. sáttarinnar verði breytt á þann veg að felld verði brott orðin „og aðra keppinauta á eldsneytismarkaði“.
- d. Að 19. gr. sáttarinnar verði felld brott í heild sinni.

Samkeppniseftirlitið krefst þess að kröfum áfrýjanda, Atlantsolíu ehf., um breytingar á sátt Samkeppniseftirlitsins við N1 hf., dags. 30. júlí 2018, verði hafnað.

Í bréfi áfrýjanda, dags. 25. september 2018, til áfrýjunarnefndar samkeppnismála var fallið frá d. lið í kröfugerð áfrýjanda frá 24. ágúst sl.

II

Málsmeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu

Mál þetta má rekja til þess að þann 31. október 2017 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um samruna N1 hf. og Festar hf. og hóf Samkeppniseftirlitið í kjölfarið rannsókn á áhrifum samrunans. Óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum keppinauta og hagsmunaaðila á dagvöru- og eldsneytismarkaði þann 23. nóvember 2017.

Áfrýjandi kom sínum sjónarmiðum vegna samrunans á framfæri við Samkeppniseftirlitið með bréfi dags. 10. janúar sl. Einnig bárust sjónarmið frá öðrum hagsmunaaðilum. Samkeppniseftirlitið birti samrunaaðilum þann 24. febrúar 2018 andmælaskjal þar sem rökstutt frummat á samrunanum kom fram. Þar kom fram það mat Samkeppniseftirlitsins að alvarlegar samkeppnishindranir leiði af samrunanum sem yrði að bregðast við. Þann 5. mars 2018 óskaði N1 hf. eftir því að ganga til sáttaviðræðna við Samkeppniseftirlitið og setti í framhaldinu fram tillögur að skilyrðum ásamt athugasemdum sínum við andmælaskjalið.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti N1 hf., þann 14. mars 2018, að ekki væru forsendur til sáttaviðræðna, enda félagið ósammála öllum efnisþáttum í frummati eftirlitsins. Réðst Samkeppniseftirlitið jafnframt í frekari rannsókn á tilteknum þáttum málsins vegna athugasemda félagsins, m.a. að atriðum er vörðuðu

frummat Samkeppniseftirlitsins varðandi Festi hf. sem mögulegan keppinaut á eldsneytismarkaði og um mat á staðbundnum áhrifum samrunans. Tilkynti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum niðurstöðu þeirrar rannsóknar, er staðfesti í meginatriðum frummat eftirlitsins, með bréfi dags. 10. apríl 2018.

Í byrjun apríl 2018 setti N1 hf. fram tillögur að skilyrðum er félagið taldi að gætu aukið samkeppni og orðið andlag sáttar í málinu. Samkeppniseftirlitið taldi tillögurnar of seint fram komnar þar sem ekki væri mögulegt að rannsaka áhrif skilyrðanna innan hins lögboðna frests er eftirlitið hafði samkvæmt 17. gr. d. samkeppnislaga til þess að ógilda samrunann eða setja honum skilyrði en frestur Samkeppniseftirlitsins rann út þann 17. apríl 2018. Jafnframt tilkynti Samkeppniseftirlitið að ákvörðun yrði tekin í málinu innan frestsins.

Þann 17. apríl 2018 afturkallaði N1 hf. samrunatilkynningu sína og boðaði að tilkynnt yrði um samrunann á ný, þar sem lögð yrðu til skilyrði sem væru til þess fallin að ryðja úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem frummat Samkeppniseftirlitsins gaf til kynna að gætu leitt af samrunanum.

N1 hf. tilkynti að nýju um samrunann þann 16. maí 2018 og lagði fram tillögur að skilyrðum vegna samrunans og var málið tekið til rannsóknar á ný af Samkeppniseftirlitinu. Einnig áttu sér stað viðræður á milli Samkeppniseftirlitsins og N1 hf. um þau skilyrði er N1 hf. hafði lagt til.

Þann 13. júní 2018 sendi Samkeppniseftirlitið hagsmunaaðilum umsagnarbeiðni vegna tillagna N1 hf. að skilyrðum vegna samrunans. Samkeppniseftirlitið fundaði með fulltrúum áfrýjanda þann 21. júní 2018 og bárust eftirlitinu sjónarmið áfrýjanda varðandi framboðin skilyrði N1 hf. í kjölfar fundarins með bréfi, dags. 25. júní sl. Þann 26. júní 2018 kallaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum annarra aðila en þeirra fyrirtækja er störfuðum á viðkomandi mörkuðum.

Í kjölfarið áttu sér stað viðræður á milli Samkeppniseftirlitsins og N1 hf. þar sem tillögur að skilyrðum vegna samrunans tóku breytingum. Þann 30. júlí 2018 var undirrituð sátt samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 af Samkeppniseftirlitinu og N1 hf. Í henni fólst að N1 hf. skuldbatt sig til þess að

grípa til margvíslegra ráðstafana til að vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem ella hefðu leitt af samrunanum við Festi hf.

Á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins var sáttin birt og útskýrð í frétt þann 30. júlí 2018 með eftirfarandi hætti:

„Samkeppniseftirlitið hefur í dag heimilað kaup N1 hf. á Festi hf. Samruninn er háður skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið og samrunaaðilar hafa gert sátt um. Með skilyrðunum skuldbinda samrunaaðilar sig til aðgerða sem miða að því að efla og vernda virka samkeppni á eldsneytis- og dagvörumörkuðum og bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem samruninn myndi annars leiða til.

N1 skuldbindur sig m.a. til þess að selja eldsneytisstöðvar til nýs keppinautar, selja dagvöruverslun Kjarval á Hellu, auka aðgengi endurseljenda að birgðarými, dreifingu og eldsneyti í heildsölu og tryggja samkeppnislegt sjálfstæði félagsins. Er um að ræða víðtækari aðgerðir af hálfu N1 en áður hafa verið kynntar við meðferð málsins.

Nánar tiltekið skuldbindur N1 sig m.a. til eftirfarandi aðgerða:

- 1. Sala eldsneytisstöðva – nýr keppinautar: N1 skuldbindur sig til þess að selja tilteknar eldsneytisstöðvar, vörumerkið „Dæluna“ og grípa til annarra nánar tilgreindra aðgerða til þess að nýr óháður aðili geti hafði virka samkeppni á eldsneytismarkaði. Jafnframt skuldbindur N1 sig til þess að tryggja að áform um sölu eigna til burðugs keppinautar nái fram að ganga. (Sjá nánar IV. kafla sáttarinnar.) Með þessum aðgerðum er brugðist við þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að með kaupum N1 á Festi sé síðarnefnda fyrirtækið að hverfa sem mögulegur sjálfstæður keppinautar á eldsneytismarkaði, en eins og kunnugt er hafði Festi áform um slíkt.*
- 2. Sala dagvöruverslunar: N1 skuldbindur sig til þess að selja rekstur verslunar Festi (Kjarval) á Hellu og grípa til nánar tilgreindra aðgerða til að sú sala nái fram að ganga. (Sjá nánar IV. kafla sáttarinnar.) Með þessu er brugðist við því mati Samkeppniseftirlitsins að samruninn hafi skaðleg áhrif á samkeppni á Hvolsvelli og Hellu, en samrunaaðilar reka þar samtals þrjár verslanir.*
- 3. Aukið aðgengi endurseljenda að heildsölu eldsneytis og aukið aðgengi að þjónustu Olíudreifingar hf. (ODR): N1 skuldbindur sig til þess að selja nýjum endurseljendum sem eftir því leita allar tegundir eldsneytis í heildsölu á viðskiptalegum grunni, með nánar tilgreindum skilmálum. Er N1 skylt að gæta jafnræðis og hlutlægni gagnvart þeim sem kaupa eldsneyti í heildsölu. (Sjá nánar II. kafla sáttarinnar.) Jafnframt skuldbindur N1 sig til þess, sem annar aðaleigenda ODR, að grípa til tiltekinna aðgerða til þess að tryggja aðgengi seljenda eldsneytis að birgðarými og þjónustu hjá ODR. (Sjá nánar III. kafla sáttarinnar.) Með þessum aðgerðum er brugðist við samkeppnisröskun sem leiðir af samþættingu eldsneytis- og dagvöruyfyrirtækja, þ.e. milli N1 og Festi, og rudd braut fyrir virkari samkeppni á eldsneytismarkaði.*
- 4. Samkeppnislegt sjálfstæði N1: N1 skuldbindur sig til þess að grípa til tiltekinna aðgerða til þess að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði N1, s.s. sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna, aðskilnað hagsmuna og tiltekið verklag sem miðar að þessu. (Sjá nánar VI. kafla sáttarinnar.) Með þessum aðgerðum er m.a. brugðist við skaðlegum áhrifum eignatengsla á dagvöru- og*

eldsneytismarkaði, en sem kunnugt er eiga sömu aðilar verulega eignarhluti í fleiri en einum keppinaut á þessum mörkuðum.

Í sáttinni er boðað að stærstu hluthafar hins sameinaða fyrirtækis þurfi einnig að skuldbinda sig til að grípa til viðeigandi aðgerða vegna eignarhluta sinna í fleiri en einum keppinaut á sama markaði. Skuldbindur N1 sig til að greiða fyrir slíkum aðgerðum að sínu leyti, en viðræðum um þetta við viðkomandi lífeyrissjóði er ólokið.

5. Endurskoðun á samskiptum og samstarfi N1 og Samkaupa: Í gildi er viðskiptasamningur milli N1 og Samkaupa um samrekstur við verslanir Samkaupa og eldsneytisafgreiðslur N1 á tilteknum stöðum á landinu. Með sáttinni skuldbindur N1 sig til tiltekinna aðgerða til þess að vinna gegn samkeppnisröskun sem af þessu samstarfi getur hlotist, ekki síst í ljósi þess að N1 og Samkaup verða nú keppinautar á dagvörumarkaði. Það er á ábyrgð keppinauta sem eru aðilar að samstarfi að meta hvort samstarf þeirra sé samþýðanlegt ákvæðum samkeppnislaga og eftir atvikum hvort þörf sé undanþágu fyrir samstarfinu. (Sjá nánar V. kafla sáttarinnar.)
6. Eftirlit og umsjón óháðs aðila: Á grundvelli sáttarinnar verður óháður kunnáttumaður skipaður sem ætlað er að fylgja eftir og hafa eftirlit með þeim aðgerðum og fyrir mælum sem kveðið er á um í sáttinni. (Sjá nánar VII. kafla sáttarinnar.)

Á næstunni mun Samkeppniseftirlitið birta fullbúna ákvörðun vegna málsins, en þar verður nánari grein gerð fyrir meðferð málsins, undirliggjandi rannsóknum og þeim aðgerðum sem framangreind sátt mælir fyrir um.“

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að heimila samruna N1 hf. og Festar hf. með skilyrðum fólst þannig í gerð sáttar eins og framan er getið. Rökstuðningur vegna þeirrar ákvörðunar er birtur í formi sérstakrar ákvörðunar og eru slíkar ákvarðanir alla jafnan birtar svo fljótt sem verða má eftir undirritun sáttarinnar. Sökum mikilla anna hjá Samkeppniseftirlitinu hefur ekki enn náðst að birta opinberlega ákvörðun Samkeppniseftirlitsins fyrir því að heimila samruna N1 hf. og Festar hf.

Um málsatvik að öðru leyti er til vísað til kæru og annarra gagna málsins.

III

Málsmeðferð hjá áfrýjunarnefndinni.

Greinargerð Samkeppniseftirlitsins, sem svar við kæru áfrýjanda barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 17. september sl. Athugasemdir áfrýjanda

við greinargerðina bárust nefndinni þann 25. september sl. og svar Samkeppniseftirlitsins við þeim barst þann 1. október 2018.

Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist hjá áfrýjunarnefndinni vegna breytinga á skipun nefndarinnar.

IV

Röksemdir málsaðila.

Málsástæður og lagarök áfrýjanda.

Áfrýjandi byggir kæruehimild sína á 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og vísar til þess að staðfest hafi verið í dóma- og úrskurðarframkvæmd að sá geti kært ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sem hafi lögvarinna hagsmuna að gæta. Áfrýjandi sé keppinautur N1 hf. á olíumarkaði og hafi því verulegra hagsmuna að gæta varðandi þá sátt sem gerð var um samruna N1 hf. og Festar hf.

Áfrýjandi byggir á því að sú ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að undirrita sátt við N1 hf. skerði rétt áfrýjanda og samkeppnisstöðu hans á eldsneytismarkaði auk þess sem hún feli almennt í sér samkeppnishindrun á markaðinum. Telur áfrýjandi að sáttin fari beinlínis gegn markmiðum samkeppnislaga, sbr. b-lið 1. mgr. 1. gr. samkeppnislaga. Jafnframt telur áfrýjandi að með ákvörðun sinni að undirrita sáttina hafi Samkeppniseftirlitið lagt blessun sína yfir samkeppnishömlur sem brjóta að mati áfrýjanda gegn 12. gr. samkeppnislaga. Því beri áfrýjunarnefnd samkeppnismála að breyta sáttinni á þann veg er greinir í kröfugerð áfrýjanda til að brjóta upp umræddar samkeppnishömlur á grundvelli V. kafla samkeppnislaga.

Áfrýjandi krefst þess að honum verði heimilt á grundvelli 10. gr. sáttar Samkeppniseftirlitsins og N1 hf. að bjóða í eldsneytisstöðvar N1 hf. sem reknar eru undir vörumerkinu „Dælan“ en honum sé það óheimilt þar sem það skilyrði sé sett samkvæmt sáttinni að stöðvarnar séu seldar nýjum óháðum aðila á markaði. Með því sé áfrýjandi útilokaður frá því að bjóða í stöðvarnar. Skilyrðið feli því í raun í sér samkeppnishindrun þar sem ólíklegt sé að nýr aðili komi inn á markaðinn enda hafi nýliðun á eldsneytismarkaði verið lítil um áratuga skeið þar

sem um er að ræða markað með miklar aðgangshindranir, s.s. háan stofnkostnað. Fengi áfrýjandi að kaupa stöðvarnar gæti það hins vegar skotið frekari rekstrarlegum stöðum undir rekstur áfrýjanda og þar með styrkt samkeppnisstöðu hans á eldsneytismarkaði og aukið samkeppni á þeim markaði.

Í kæru sinni vísar áfrýjandi til þess að Costco hafi komið inn á eldsneytismarkaðinn árið 2017 og þegar náð 20% markaðshlutdeild. Telur áfrýjandi óraunhæft að ætla að nýr aðili komi inn á markaðinn í kjölfarið þar sem ekki sé unnt að ná svo mikilli markaðshlutdeild nema einu sinni. Á eldsneytismarkaðinum starfi nú fimm aðilar: N1 hf., Olís hf., Skeljungur hf., Costo og Atlantsólía ehf. Samkeppni sé ekki gerð virkari í sátt Samkeppnisfirlitsins við N1 hf. þar sem keppinautum í rekstri eldsneytisstöðva fjölgi ekki með sáttinni.

Áfrýjandi bendir á að um það bil helmingur eldsneytissölu fari fram á landsbyggðinni og ekkert hafi legið fyrir um að Festi hf. hafi haft í hyggju að fara inn á þann markað og þá sé ekki gert ráð fyrir því í sáttinni að N1 hf. selji eldsneytisstöðvar á landsbyggðinni.

Áfrýjandi telur að tillögur N1 hf. í sáttinni kunni að gera það að verkum að N1 hf. freisti þess að sundra minnstu aðilum á eldsneytismarkaði með því að reynt verði að fá nýjan aðila inn á markaðinn. Telur áfrýjandi það ekki vera í þágu neytenda né til þess fallið að lækka eldsneytisverð. Fyrir liggir að rekstrarforsendur nýrra aðila yrðu erfiðar og kæmi fram nýr aðili sem myndi kaupa „Dælustöðvarnar“ yrði viðbúið að sá aðili ætti fljótlega við rekstrarörðugleika að stríða. Áfrýjandi bendir enn fremur á að fjármögnun við kaup á stöðvunum muni fela í sér mikla skuldsetningu er verði trauðla mætt á annan hátt en með herra útsöluverði eldsneytis.

Áfrýjandi telur að til þess að markmiðum samruna sé náð og samkeppnisstöðu á eldsneytismarkaðinum verði ekki raskað þurfi að gera áfrýjanda heimilt að gera tilboð í „Dæluna“. Áfrýjandi hafi viðskiptalega þekkingu og fjárhagslegan styrk til að kaupa stöðvarnar og slík kaup yrðu til að styrkja stöðu áfrýjanda á markaðinum og skjóta frekari stöðum undir rekstur áfrýjanda og þar með samkeppnisstöðu hans gagnvart stóru félögunum. Áfrýjandi myndi veita þeim markaðslegt aðhald og örva þannig samkeppni á markaðinum.

Áfrýjandi fellst ekki á þau rök Samkeppniseftirlitsins að Festi hf. hafi verið mögulegur keppinautur á eldsneytismarkaði enda engin gögn lögð fram um meinta mögulegu innkomu félagsins á eldsneytismarkaðinn heldur sé eingöngu vísað til viðkvæmra viðskiptaupplýsinga og að félagið hafi um nokkra hríð „íhugað innkomu“ á eldsneytismarkaðinn. Telur áfrýjandi að gera verði skýra kröfu um að samkeppnisyfirvöld undirbyggi á óyggjandi hátt þá fullyrðingu sína að Festi hf. hafi verið mögulegur keppinautur á eldsneytismarkaði. Sönnunarbyrðin hvað þetta varðar hvíli á Samkeppniseftirlitinu og telur áfrýjandi að sú sönnun hafi ekki tekist. Það eitt að Festi hf. hafi íhugað innkomu á þennan markað dugi ekki til að félagið geti talist mögulegur keppinautur.

Áfrýjandi kveður óumdeilt að fá félög séu á eldsneytismarkaði og bendir á að þegar áfrýjandi kom inn á markaðinn árið 2002 hafði engin nýliðun verið á markaðinum í fjölda áratuga. Einungis einn nýr aðili hafi komið inn á markaðinn síðan og það sé Costco sem sé einungis með staðbundna starfsemi sem sé tengd verslunarrekstri Costco í Garðabæ og er rekstur eldsneytisstöðvar hluti af viðskiptamódeli félagsins á alþjóðavettvangi. Costco hafi ekki hug á að fara í almennan rekstur eldsneytisstöðva vítt og breitt um landið eins og áfrýjandi hafi gert. Mjög erfitt sé fyrir nýja aðila að koma inn á þennan markað eins og sakir standa og telur áfrýjandi óraunhæft að ætla að Festi hf. hafi í raun ætlað að koma inn á markaðinn í ljósi aðstæðna, m.a. vegna komu Costco.

Áfrýjandi vísar því á bug að félagið hafi hagmuni af því að markaðsgerð eldsneytismarkaðarins verði sem minnst raskað. Bendir áfrýjandi hins vegar á að ef honum verður gert unnt að kaupa tilgreindar eldsneytisstöðvaraf N1 hf. muni áfrýjandi geta eftt samkeppni til muna á eldsneytismarkaðinum og breytt markaðsgerðinni til hagsbóta fyrir neytendur í skjóli mögulega aukinnar markaðshlutdeildar.

Áfrýjandi telur að markmiði samkeppnislaga verði vel náð með því að honum verði gert kleift að kaupa téðar stöðvar af N1 hf. og að markmiðum sáttarinnar yrði með því í engu raskað. Telur áfrýjandi að sömu sjónarmið hljóti að eiga við um N1 hf. og Haga hf. varðandi sölu eldsneytisstöðva Olís. Vísar áfrýjandi í því sambandi til ákvæða sáttar Samkeppniseftirlitsins við Haga hf. frá 11. september sl. þar sem félaginu var gert að selja fimm eldsneytisstöðvar og með því sé m.a.

brugðist við þeim skaðlegu áhrifum sem samruninn felur í sér vegna aukinna eignatengsla milli keppinauta á eldsneytismarkaði. Sömu sjónarmið eigi við um samruna N1 hf. og Festar hf. og verði markmiðum sáttar Samkeppniseftirlitsins við N1 hf. vel náð með því að gera áfrýjanda mögulegt að kaupa tilgreindar eldsneytisstöðvar N1 hf. og þá verði ekki séð að N1 hf. verði fyrir skaða við slík kaup enda má það N1 hf. einu varða hvort nýr aðili eða aðili sem er fyrir á markaði kaupi þessar stöðvar.

Málsástæður og lagarök Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið telur að áfrýjandi geti átt kærvaðild að því máli sem hér um ræðir þrátt fyrir að vera ekki aðili málsins við meðferð þess hjá Samkeppniseftirlitinu. Vísar eftirlitið í því sambandi til þess að í fyrri úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála hefur verið talið að keppninautar samkeppnisaðila geti skotið ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndarinnar.

Samkeppniseftirlitið telur að sátt skv. 17. gr. f. samkeppnislaga eigi sér líkindi við gagnkvæman samning milli aðila. Á grundvelli rannsóknar eftirlitisins og viðræðna þess við N1 hf. hafi verið komist að ákveðinni niðurstöðu sem tryggi samkeppni án þess að koma í veg fyrir þau viðskiptalegu markmið sem N1 hf. ætlar sér með yfirtöku á Festi hf. Verði einstökum ákvæðum sáttarinnar breytt sé hætt við að hún nái ekki markmiðum sínum enda sé skilyrðum sáttarinnar í heild sinni ætlað að mæta þeirri samkeppniströskun sem ella hefði leitt af samrunanum. Þá sé óvíst að fyrirtækið hefði samþykkt sáttina með þeim breytingum er áfrýjandi leggur til. Einhliða breyting á efni sáttar kunni að vera í andstöðu við tilgang viðkomandi samruna, markmið sáttar og samspil þeirra skilyrða er hún hafi að geyma. Slík breyting kunni jafnframt að vera meira íþyngjandi gagnvart samrunaaðilum en ákvörðun um að ógilda samrunann.

Samkeppniseftirlitið bendir á að skilyrðin í samrunamálum verði að vera þess eðlis að þau eyði þeim samkeppnishömlum sem ella hefðu stafað af samruna, sbr. t.d. úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 18/2001 og nr. 6/2006. Einnig sé eðlilegt að hafa hliðsjón af ESB/EES rétti við túlkun á

samrunaákvæðum samkeppnislaga, sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012. Í tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2008 um skilyrði í samrunamálum komi fram að slík skilyrði verði að afstýra allri þeirri röskun á samkeppni er stafar af viðkomandi samruna. Skilyrðin verði að vera heildstæð og árangursrík frá almennu sjónarmiði. Þá komi fram í 30. gr. aðfararorða samrunareglugerðar ESB að meðalhóf þurfi að vera á milli skilyrða sáttar annars vegar og þeirra samkeppnislegu vandamála sem þeim er ætlað að leysa hins vegar.

Samkeppniseftirlitið bendir á að gagnrýni áfrýjanda beinist að því að sáttin heimili einungis nýjum keppinautum að kaupa eldsneytisstöðvar af N1 hf., sbr. 11. og 12. gr. sáttarinnar, og með því sé réttur hans skertur og samkeppni raskað. Samkeppniseftirlitið fellst ekki á þessi sjónarmið. Tilgangur ákvæðanna sé að leysa úr tilteknu samkeppnislegu vandamáli sem leiðir af samruna N1 hf. og Festar hf. Samruninn komi í veg fyrir að nýr keppinautur (Festi hf.) hefji samkeppni á eldsneytismarkaði. Áfrýjandi sé hins vegar ekki nýr keppinautur og sala til hans leysi því ekki umrætt vandamál. Þá hafi áfrýjandi ekki átt neinn rétt á að kaupa umræddar eldsneytisstöðvar sem sáttin hafi með ólögmetum hætti takmarkað. Í máli áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 6/2017 hafi reynt á sambærilegt tilvik og þar hafi áfrýjunarnefndin fallist á sjónarmið Samkeppniseftirlitsins. Því er alfarið hafnað af hálfu Samkeppniseftirlitsins að sáttin feli í sér röskun á samkeppni eða ólögmeta röskun á réttarstöðu áfrýjanda.

Bent er á að það sé hlutverk samkeppnisyfirvalda við samrunaefirlit að koma í veg fyrir að samkeppnislegri gerð markaða sé breytt, með samruna eða yfirtöku, á þann hátt að samkeppni skerðist eða hverfi. Samruni fyrirtækis við mögulegan keppinaut geti valdið alvarlegum samkeppnislegum vandkvæðum. Með mögulegum keppinaut sé átt við aðila sem ekki sé starfandi sem slíkur á tilteknum markaði en geti, að vissum skilyrðum uppfylltum, veitt fyrirtækjum sem fyrir eru á markaðinum samkeppnislegt aðhald. Það sé þekkt að í vissum tilvikum nægi að innkoma mögulegs keppinautar sé hugsanleg til að þvinga aðila á markaðinum til að lækka verð og auka gæði.

Samkeppniseftirlitið bendir á að í mgr. 58 – 60 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB um mat á samkeppnislegum áhrifum samruna

keppinauta komi fram að þegar fyrirtæki, sem er þegar starfandi á markaði, sameinast mögulegum keppinauti á þeim markaði geti samruni haft sambærileg samkeppnishamlandi áhrif og ef um samruna tveggja keppinauta á sama markaði væri að ræða. Þá komi einnig fram að samruni við mögulegan keppinaut geti raskað samkeppni ef hinn mögulegi keppnautur er fær um að geta veitt þeim fyrirtækjum er fyrir eru á markaðnum umtalsvert samkeppnislegt aðhald, þ.e. ef hinn mögulegi keppnautur eigi eignir sem auðveldi honum að hasla sér völl á viðkomandi markaði án þess að leggja út í mikinn kostnað. Einnig beri að líta til þess hvort ekki sé fyrir hendi nægjanlegur fjöldi annarra mögulegra keppinauta sem geta veitt nægjanlegt samkeppnislegt aðhald eftir samrunann. Ef viðkomandi markaður beri einkenni fákeppnismarkaðar, s.s. samþjöppun og aðgangshindranir, er þekkt að við slíkar aðstæður sé samkeppni á markaði veikari en ella og innkoma nýs keppinautar því sérstaklega mikilvæg og til þess fallin að hafa mjög jákvæð samkeppnisleg áhrif. Einnig þurfi að líta til áforma hins mögulega keppinautar og meta hvort gögn gefi til kynna hvort hann hyggi á öflugna innkomu á markaðinn, og sé svo getur það falið í sér sterk rök að samruni við slíkan keppninaut gæti haft samkeppnishamlandi áhrif.

Samkeppniseftirlitið bendir einnig á að Festi hf. hafi í nokkur ár haft til skoðunar að hefja sölu eldsneytis við verslanir á lóðum félagsins. Samkeppniseftirlitið hafi haft eldsneytismarkaðinn til ítarlegrar skoðunar í sérstakri markaðsrannsókn og birti Samkeppniseftirlitið frummatsskýrslu vegna þeirrar rannsóknar þann 30. nóvember 2015. Var frummat eftirlitsins að tiltekna aðstæður eða háttsemi takmarki eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni á markaðnum og var bent á að sterkar vísbendingar væru um að olíufélögin samhæfi hegðun sína með þegjandi samhæfingu. Þetta komi fram í því að verð og álagning á bifreiðaeldsneyti sé há í samanburði við önnur ríki. Þá fylgi verðið betur hækkun innkaupsverðs en lækkun. Verðbreytingar virðast leiddar af tilteknum aðilum á markaðnum og litlar sveiflur séu í markaðshlutdeild. Olíufélögin starfi á öllum stigum markaðarins, s.s. innflutningi, birgðahaldi, dreifingu, heildsölu og smásölu, og séu því öll lóðrétt samþætt. Þau hafi hvata til að útiloka nýja keppinauta með því að neita þeim um eldsneyti í heildsölu eða aðgangi að birgðarými. Því þurfi að tryggja að nýir keppinautar geti haslað sér völl á markaðnum.

Í ljósi framangreinds hafi möguleg innkoma Festar hf. á eldsneytismarkaðinn verið meðal helstu rannsóknarefna Samkeppniseftirlitsins við meðferð málsins. Kallað hafi verið eftir skýringum og upplýsingum frá samrunaaðilum og rannsakaður fjöldi tölvupósta og annarra gagna er bærust frá samrunaaðilum. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafi leitt í ljós að Festi hf. hafi um nokkra hríð íhugað innkomu á eldsneytismarkaðinn með því að setja upp eldsneytisdætur við lóðir félagsins. Við mat á því hvort innkoma nýs keppinautar sé líkleg þurfi að líta til nokkurra atriða, s.s. hvort viðkomandi fyrirtæki selji sams konar eða tengdar vörur eða sé færð um að gera það, hvort gögn séu fyrir hendi sem sýna áætlanir eða áform fyrirtækis um innkomu á markaðinn og hversu mikil áhætta sé fólgin í innkomu á markað, m.a. með tilliti til aðgangshindrana, aðgengis að dreifingu, sokkins kostnaðar og markaðsaðstæðna að öðru leyti. Samkeppniseftirlitið bendir á að fyrirliggjandi gögn, sem að stærstum hluta innihaldi trúnaðarupplýsingar hafi gefið sterka vísbendingu um að öll framangreind atriði væru fyrir hendi í tilviki Festar hf. Það hafi því verið niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Festi hf. hafi verið mjög líklegur keppinautur á eldsneytismarkaði enda félagið annað stærsta fyrirtækið á dagvörumarkaði hér á landi og búi yfir nokkrum fjárhagslegum styrkleika og stærðarhagkvæmni. Þá hafi fyrirtækið náð að byggja upp ákveðna viðskiptavild og viðskiptavinahóp. Niðurstaða Samkeppniseftirlitisins við mat á áætlaðri markaðshlutdeild fyrirtækisins yrði að miðast við þær forsendur að fyrirtækið hefði hafið starfsemi og selt eldsneyti í takt við væntingar þess sjálfs.

Samkeppniseftirlitið telur að samruninn hafi að óbreyttu leitt til brotthvarfs Festar hf. sem mögulegs og líklegs keppinautar á eldsneytismarkaði. Þeim skilyrðum sem sett voru fram í sáttinni var ætlað að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans að þessu leyti og tryggja að nýr aðili, ótengdur starfandi fyrirtækjum, hefji starfsemi á eldsneytismarkaði í stað Festar hf.

Samkeppniseftirlitið telur ekki unnt að fallast á það sjónarmið áfrýjanda að óraunhæft sé að nýr aðili komi inn á eldsneytismarkaðinn og að slíkur aðili kynni fljótlega að eiga við rekstrarörðugleika að stríða. Bent er á að mælt er fyrir um það í sáttinni að nýr aðili skuli fá samning við Olíudreifingu ehf. um dreifingu á eldsneyti á sömu kjörum og N1 hf., auk heildsölusamnings við N1 hf. um kaup á

eldsneyti á tilteknum kjörum auk annarra ákvæða sem eiga að stuðla að því að kaupandi sé aðili sem sé fær um að veita samkeppni til lengri tíma litið.

Ljóst sé að áfrýjandi hafi ekki hag af því að inn á eldsneytismarkaðinn komi nýr aðili sem sé keppinautur hans. Telur eftirlitið mikilvægt að þetta sé haft í huga við mat á þeim sjónarmiðum sem færð eru fram í kærðu áfrýjanda. Ef fallist yrði á kröfur áfrýjanda leiddi það, að mati Samkeppniseftirlitsins, til þess að ótryggt væri að markmiðum skilyrða sáttarinnar yrði náð.

Með vísan til alls framangreinds er þess krafist af hálfu Samkeppniseftirlitsins að kröfum áfrýjanda um breytingu á 10. og 11. gr. sáttarinnar verði hafnað.

V.

Niðurstaða

1

Í kjölfar tilkynningar til Samkeppniseftirlitsins í lok október 2017 um kaup N1 hf. á öllu hlutafé Festar hf., sem hafði í för með sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, hóf Samkeppniseftirlitið rannsókn á áhrifum samrunans á þá markaði sem félögin störfuðu á, þ.e. eldsneytis- og dagvörumarkaði. Rannsóknin beindist m.a. að því að meta hvort samruninn kæmi til með að raska eða hindra virka samkeppni á fyrrgreindum mörkuðum.

Frummat Samkeppniseftirlitsins gaf til kynna að samruninn kæmi til með að raska samkeppni og af þeim sökum væri þörf á íhlutun. Slík íhlutun gat verið fólgin í ógildingum samrunans eða með því að sett yrðu skuldbindandi skilyrði fyrir samrunanum.

Við meðferð málsins hjá Samkeppniseftirlitinu óskaði N1 hf. eftir viðræðum um sátt samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga með það að markmiði að vinna gegn þeim skaðlegum áhrifum sem talið var að samruninn gæti haft í för með sér ef ekkert yrði að gert.

Þann 30. júlí 2018 undirrituðu Samkeppniseftirlitið og N1 hf. sátt samkv. 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna samruna N1 hf. og Festiar hf. Samkvæmt sáttinni skuldbatt N1 hf. sig til að hlíta ákveðnum skilyrðum í starfsemi sinni

vegna samrunans. Það var yfirlýst markmið sáttarinnar og þeirra skilyrða sem þar komu fram, að efla og vernda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruninn tók til og bregðast þannig við þeirri röskun sem talið var að samruninn hefði annars haft í för með sér.

Meðal þeirra aðgerða sem N1 hf. skuldbatt sig að grípa til samkvæmt sáttinni var að selja tiltekna eldsneytisstöðvar svo og vörumerkið „Dælan” til nýrra óháðra aðila á eldsneytismarkaði. Með nýjum aðila í þessu sambandi er vísað til aðila sem starfar ekki við smásölu bifreiðaeldsneytis eða er í beinni eða óbeinni eigu félags sem starfar á þeim markaði.

Með stjórnarsýslukæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, dags. 24. ágúst 2018, gerði áfrýjandi kröfu um að tilgreindum ákvæðum fyrrgreindrar sáttar Samkeppniseftirlitsins og N1 hf. yrði breytt. Kröfur áfrýjanda um breytingar á sáttinni snúa að 10. og 11. gr. hennar þar sem fram kemur áskilnaður um að tiltekna eldsneytisstöðvar og vörumerkið „Dælan” séu seldar til nýrra óháðra aðila á eldsneytismarkaði. Gerir áfrýjandi kröfu um að fyrrgreindum ákvæðum verði breytt á þann veg að í stað orðanna „nýrra óháðra aðila” í 1. mgr. 10. gr. sáttarinnar komi „óháðra aðila” og að g-lið 10. gr. sáttarinnar verði breytt á þann veg að felld verði brott orðin, „nýr aðili” og í staðinn komi „kaupandi” og að orðin „og aðra keppinauta á eldsneytismarkaði” í b-lið 1. mgr. 11. gr. sáttarinnar verði felld brott. Bendir áfrýjandi á að hann sé að óbreyttu útilokaður frá því að kaupa umræddar eignir af N1 hf. þar sem hann teljist ekki vera nýr óháður aðili á eldsneytismarkaði í skilningi 1. mgr. 10. gr. sáttarinnar.

Telur áfrýjandi að tilgreind ákvæði sáttarinnar skerði rétt hans og samkeppnisstöðu á eldsneytismarkaði auk þess sem ákvæðin feli almennt í sér samkeppnishindrun á markaðnum og fari þannig gegn markmiðum samkeppnislaga. Að mati áfrýjanda gengur sáttin gegn b-lið 1. mgr. 1. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 en í fyrrgreindu lagaákvæði kemur fram að markmiði samkeppnislaganna um að efla virka samkeppni í viðskiptum skuli m.a. náð með því að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum. Því til viðbótar telur áfrýjandi að sáttin fari gegn ákvæði 12. gr. samkeppnislaga þar sem fram kemur að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt samkeppnislögum eða

brjóta í bága við ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt 16. – 18. gr. þeirra laga. Telur áfrýjandi að áfrýjunarnefnd samkeppnismála beri að breyta sáttinni og brjóta upp þær samkeppnishömlur sem í henni felist að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu snýr úrlausnarefni þessa máls fyrst og fremst að því hvort þau skilyrði sem fram koma í sátt Samkeppniseftirlitsins og N1 hf. frá 30. júlí 2018 um að tilteknar eldsneytisstöðvar N1 hf. og vörumerkið „Dælan”, skuli seld til nýrra óháðra aðila á eldsneytismarkaði skerði með ólögnum hætti rétt áfrýjanda eða hafi að öðru leyti í för með sér samkeppnishömlur er brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga.

2

Áfrýjandi telur að hann eigi kærvaðild í málinu og vísar m.a. til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2017. Bendir áfrýjandi á að hann sé keppinautur N1 hf. á eldsneytismarkaði og hafi beina, sjálfstæða og verulegra hagsmuna að gæta af málinu.

Samkeppniseftirlitið telur að áfrýjandi geti átt kærvaðild þrátt fyrir að hafa ekki verið aðili málsins við meðferð þess hjá Samkeppniseftirlitinu.

Í fyrri úrskurðum áfrýjunarnefndarinnar hefur komið fram að hvorki í samkeppnislögum né stjórnslulögum sé að finna nákvæma skilgreiningu á því hverjir geti talist aðilar samkeppnismáls. Ákvörðun um aðild sé því háð mati sem byggist á viðurkenndum sjónarmiðum samkeppnistréttar og stjórnsluréttar. Í samkeppnistrétti gildir sú meginregla að málsefni þarf að varða viðkomandi bæði beint og sérstaklega til þess að til aðildar geti komið. Fyrri skilyrðið feli í sér að ákveðið orsakasamhengi þurfi að vera á milli ákvörðunar og réttarstöðu aðila. Að jafnaði megi gera ráð fyrir að tiltekin ákvörðun varði viðkomandi beint ef henni er ætlað að binda hann, enda sé orsakasamhengi ljóst. Í síðara skilyrðinu felst að viðkomandi þurfi að sýna fram á að ákvörðun varði hann með sérstökum og ríkari hætti en aðra. Meginatriðið sé hvort ákvörðun varði aðila í raun með sama hætti og væri hann sérstaklega bundinn af henni.

Þó að almenna reglan sé sú að samkeppnisaðilar eigi ekki beina aðild að samrunamálum miðað við þær skilgreiningar sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan telur áfrýjunarnefndin að sá samruni sem hér um ræðir geti haft áhrif á

stöðu áfrýjanda og snert hann með þeim hætti sem aðgreinir stöðu hans frá öðrum. Þá verður einnig að líta til þess að leitað var eftir umsögn og sjónarmiðum áfrýjanda til samrunans við meðferð málsins hjá Samkeppniseftirlitinu. Því til viðbótar verður heldur ekki horft framhjá því að umræddur samruni varðar markað sem áfrýjandi starfar á.

Með hliðsjón af framansögðu og í samræmi við fyrri úrskurði áfrýjunarnefndar, m.a. í málum nr. 18/2009, 1/2011 og 6/2017 er fallist á að áfrýjandi eigi með réttu aðild að máli þessu.

3

Samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 er Samkeppniseftirlitinu heimilt með samþykki málsaðila að ljúka málum með sátt sem snúa að samruna sem hindrar virka samkeppni, sbr. 17. gr. sömu laga. Slík sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirritun sinni. Sátt sem gerð er á grundvelli fyrrgreinds lagaákvæðis má líkja við gagnkvæman samning milli aðila þar sem aðilar að sáttinni hafa eftir viðræður sín á milli og á grundvelli rannsóknar Samkeppniseftirlitsins komist að ákveðinni niðurstöðu.

Ekki er loku fyrir það skotið að breyting á einstökum ákvæðum slíkrar sáttar kunni að hafa áhrif á sáttina í heild sinni m.a. á þann hátt að þeim markmiðum sem að er stefnt með sáttinni verði ekki að öllu leyti náð sem annars yrði með óbreyttri sátt. Horfa verður til þessara sjónarmiða þegar lagt er mat á það hvort samkeppnisaðilar geti gert kröfu um breytingar á einstökum ákvæðum sáttar sem gerð er á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga. Að auki getur áfrýjunarnefndin lagt mat á það hvort sátt eða einstök ákvæði hennar gangi gegn markmiðum eða ákvæðum samkeppnislaga eða gegn lögvörðum réttindum áfrýjanda.

4

Í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 tók Samkeppniseftirlitið til rannsóknar kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. en kaupin höfðu í för með sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Niðurstaða fyrrgreindrar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins gaf til kynna að samruninn kæmi að óbreyttu til með að raska með umtalsverðum hætti samkeppni á þeim mörkuðum sem

félögin störfuðu á. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu var talið nauðsynlegt að grípa til ákveðinnar íhlutunar m.a. með því að setja skuldbindandi skilyrði fyrir samrunanum og voru þau skilyrði tekin upp í þá sátt sem gerð var milli Samkeppniseftirlitsins og N1 hf. þann 30. júlí 2018. Markmiðið með fyrrgreindum skilyrðum var að afstýra tilteknum skaðlegum áhrifum af samruna félaganna og bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem talið var að samruninn hefði í för með sér ef ekkert yrði að gert.

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að Festi hf. hafði um nokkurn tíma haft áform um að hefja starfsemi á eldsneytismarkaðnum með sölu bifreiðaeldsneytis á lóðum við verslanir félagsins. Það var því tekið til sérstakrar rannsóknar af hálfu Samkeppniseftirlitsins hvort fyrrgreind áform Festar hf. hafi verið raunhæf í ljósi þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru á eldsneytismarkaðnum. Þá var jafnframt kannað hvort félagið hafi fyrir samrunann getað talist mögulegur keppinautur á þeim markaði með því að koma sem nýr aðili inn á þann markað. Einnig athugaði Samkeppniseftirlitið hvort til staðar væru aðrir mögulegir keppinautar sem gætu veitt nægilegt samkeppnislegt aðhald á þessum markaði eftir samrunann.

Áfrýjunarnefnd telur með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum málsins að ekki sé ástæða til að draga í efa mat Samkeppniseftirlitsins á því að Festi hf. hafi áður en til samrunans kom verið mögulegur keppinautur á eldsneytismarkaðnum. Þau gögn sem vega hvað þyngst í þeim efnum eru viðskiptaáætlanir félagsins varðandi innkomu á eldsneytismarkaðinn, stjórnarfundargerðir og umsóknir félagsins um leyfi fyrir eldsneytisstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Með samrunanum varð hins vegar ljóst að ekkert yrði af innkomu félagsins inn á eldsneytismarkaðinn. Samruninn var því líklegur til að raska þeirri stöðu sem var til staðar á markaðnum.

Að mati áfrýjunarnefndar verður að hafa í huga að tilgangur fyrrgreindra skilyrða sáttarinnar var tvíþættur. Annars vegar voru þau sett í þeim tilgangi að tryggja eins og frekast væri unnt að nýir aðilar ættu þess kost að hefja starfsemi á eldsneytismarkaðnum og veita þar frekari samkeppni. Hins vegar var þeim ætlað að tryggja að sem minnst röskun yrði á þeirri stöðu sem var á eldsneytismarkaðnum fyrir samrunann Ekki verður annað séð en að málefnalegar ástæður hafi legið að baki áðurnefndum skilyrðum. Við mat á því

hvort nýir aðilar gætu komið inn á þennan markað var víða leitað fanga af hálfu Samkeppniseftirlitsins og leitað eftir umsögnum og upplýsingum frá fjölda aðila. Þær upplýsingar gáfu tilefni til að ætla að farvegur væri fyrir nýja aðila til að hasla sér völl á þessum markaði.

Með hliðsjón af tilgangi og markmiðum áðurnefndra skilyrða sáttarinnar verður að telja ólíklegt að þeim markmiðum verði náð með því að selja viðkomandi eignir til aðila sem eru fyrir á eldsneytismarkaðnum.

Áfrýjunarnefnd telur samkvæmt framansögðu að ekki hafi verið sýnt fram á að fyrrgreind ákvæði 10. og 11. gr. sáttarinnar gangi gegn b-lið 1. mgr. 1. gr. eða 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá verður að mati áfrýjunarnefndar heldur ekki séð að sáttin brjóti með öðrum hætti gegn lögvörðum réttindum eða hagsmunum áfrýjanda.

5

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er ekki fallist á kröfur áfrýjanda um að tilgreind ákvæði 10. og 11. gr. þeirrar sáttar sem Samkeppniseftirlitið og N1 hf. gerðu þann 30. júlí 2018 feli í sér samkeppnishindrun á markaðnum og fari þannig gegn ákvæðum samkeppnislaga. Þá verður heldur ekki séð að með fyrrgreindum ákvæðum sáttarinnar hafi samkeppnistaða áfrýjanda verið skert eða með öðrum hætti verið brotið gegn lögvörðum réttindum hans. Er kröfum áfrýjanda því hafnað.

Úrskurðarorð

Kröfum áfrýjanda í máli þessu er hafnað.

Reykjavík, 13. desember 2018.

Björn Jóhannesson, formaður

Brynhildur Benediktsdóttir

Stefán Már Stefánsson